

Mánudaginn 18. júní 1956.

Nr. 45/1956. **Ákærvaldið**

(Páll S. Pálsson hdl.)

gegn

Þorbirni Ástvaldi Jónssyni

(Jón Þorsteinsson hdl.),

Ragnari Jósef Jónssyni

(Ragnar Ólafsson),

Ingólfi Kristófer Sigurgeirssyni

(Jóhann Steinason hdl.)

og

Jóni Helga Jónssyni

(Jón Þorsteinsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Nauðgunartilraun. Líkamsáverkar. Rán. Þjófnaður. Hilming.
Ólögleg meðferð á fundnu fé. Hótanir. Ólögleg meðferð
skotvopna. Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt vottorði dr. med. Halldórs Hansens, dags. 28. maí 1956, hefur Theodór Siemsen eigi enn náð fullri heilsu eftir áverka þá, sem í málinu greinir.

Atvikum málsins er réttilega lýst í héraðsdómi og brot ákærðu rétt færð til lagaboða.

Refsing ákærða Þorbjörns Ástvalds Jónssonar ákveðst fangelsi sex ár og sex mánuði.

Refsing ákærða Ragnars Jósefs Jónssonar ákveðst fangelsi fimm ár og sex mánuði.

Refsing ákærða Ingólfs Kristófers Sigurgeirssonar ákveðst fangelsi þrjú ár.

Með þessum breytingum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Ákærðu Þorbjörn Ástvaldur Jónsson og Jón Helgi Jónsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir

Hæstarétti, kr. 5000.00. Ákærði Ragnar Jósef Jónsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00. Ákærði Ingólfur Kristófer Sigurgeirsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00.

Allan annan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málssóknarlaun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00, greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Þorbjörn Ástvaldur Jónsson sæti fangelsi sex ár og sex mánuði.

Ákærði Ragnar Jósef Jónsson sæti fangelsi fimm ár og sex mánuði.

Ákærði Ingólfur Kristófer Sigurgeirsson sæti fangelsi þrjú ár.

Að öðru leyti eru ákvæði hins áfrýjaða dóms staðfest.

Ákærðu Þorbjörn Ástvaldur Jónsson og Jón Helgi Jónsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Þorsteinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5000.00.

Ákærði Ragnar Jósef Jónsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00.

Ákærði Ingólfur Kristófer Sigurgeirsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhanns Steinasonar héraðsdómslögmanns, kr. 4000.00.

Allan annan kostnað af áfrýjun málsins greiði allir hinir ákærðu in solidum, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar héraðsdómslögmanns, kr. 7000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. febrúar 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 15. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í bæjarþingsalnum, Skólavörðustíg 9, af Sveini Snorrasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 398—401/1956: Ákærvaldið gegn Þorbirni Ástvaldi Jónssyni, Ragnari Jósef Jónssyni, Ingólfi Kristófer Sigurgeirssyni og Jóni Helga Jónssyni, en mál þetta var að afloknum munnlegum málflutningi 1. þ. m. tekið til dóms þann dag, en eftir dómtöku þess fór fram framhaldsrannsókn samkvæmt 136. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, en málið síðan tekið til dóms 8. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 5. janúar s.l., er mál þetta höfðað gegn ákærðu, Þorbirni Ástvaldi Jónssyni verkamanni, til heimilis að Hringbraut 39, hér í bæ, Ragnari Jósef Jónssyni sjómanni, Höfðaborg 52, hér í bæ, Ingólfi Kristófer Sigurgeirssyni sjómanni, heimilislausum, gæzluföngum í hegningarhúsinu, og Jóni Helga Jónssyni verkamanni, Bragagötu 31, hér í bæ.

I. Gegn ákærða Ingólfi Kristófer er málið höfðað fyrir að hafa:

1) Haustið 1952, fyrir 22. nóvember það ár, farið inn í ólæstan bíl, er stóð við Borgarbílastöðina við Hafnarstræti hér í bænum, og tekið þaðan af ófrjálsu þrjár þriggjaþélaflöskur af áfengi, en brot þetta telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2) Að kvöldi laugardagsins 22. nóvember 1952 farið inn í ólæstan bíl við bifreiðastöðina Hreyfil við Kalkofnsveg hér í bænum og tekið þaðan af ófrjálsu hálfa flösku af áfengi. Telst brot þetta og varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

3) Aðfaranótt sunnudagsins 23. nóvember 1952 með ofbeldi og frelsisskerðingu og með því að beita hótunum gert tilraun til þess að húsabaki við Laugaveg 28 hér í bænum að þröngva konunni X, þá 30 ára að aldri, til holdlegs samræðis við sig, en brot þetta telst varða við 1. mgr. 194. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

4) Um miðnætti laugardagskvöldið 2. október 1954 ráðizt að Leifi Ingólfssyni iðnnema, Grenimel 2, hér í bæ, í KR-heimilinu við Kaplaskjólsvæg hér í bænum og barið hann eitt högg í andlitið með þeim afleiðingum, að Leifur kjálkabrotnaði. Brot þetta telst varða við 218. gr. almennra hegningarlaga.

II. Gegn ákærða Þorbirni Ástvaldi er málið höfðað fyrir að hafa:

1) Í aprílmánuði s.l., sennilega aðfaranótt fimmtudagsins 7. þess mánaðar, tekið af ófrjálsu í Borgarþvottahúsinu, Borgartúni

3, hér í bæ, ýmsan karlmannafatnað, svo sem tvenn föt, rykfrakka og kuldaúlu, en brot þetta telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

2) S.l. haust, sennilega í septembermánuði, slegið eign sinni á kassa, sem hann fann inn við Elliðaár, með ónotuðum frímerkjum í, að verðmæti um kr. 350.00. Brot þetta telst varða við 246. gr. margnefndra laga.

3) Aðfaranótt laugardagsins 8. október s.l. brotitzt inn í greint þvottahús og tekið þaðan af ófrjálsum ýmsan karlmannafatnað, svo sem þrenn föt, þrjár skyrtur, einn frakka, buxur, úlu, blússu og einar nærbuxur. Telst þetta brot varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Gegn öllum hinum ákærðu er málið höfðað fyrir að hafa miðvikudagskvöldið 12. október s.l. ólöglega neytt áfengis í þremur veitingahúsum við Hafnarstræti og Austurstræti hér í bæ, en þessi brot teljast varða við 1. mgr. 20. gr., sbr. 1. mgr. 43. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

IV. Gegn ákærðu Þorbirni Ástvaldi, Ragnari Jósef og Jóni Helga er málið höfðað fyrir að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 13. október s.l. ráðizt á Theodór Siemsen kaupmann, Laugateigi 3, hér í bæ, inni í verzlun hans í Tryggvagötu 23 hér í bænum, barið hann með höndum, flöskum og heyrnartóli af símataeki, sparkað í hann og á annan hátt veitt honum mjög mikla áverka á höfuð, höfuðkúpabrot og stórt svöðusár, auk þess sem hann bilaðist á geðsumunum af völdum árásar þessarar, svo og fyrir að hafa rænt úr verzluninni miklu af tóbaksvörum, vindlum og um 30 „lengjum“ (cartons) af vindlingum, tyggigúmmíi, tveimur tös-kum og kr. 1600.00 í peningum og einnig fyrir að hafa rænt af Theodór Siemsen sjálfum armbandsúri, tveimur hringum og kr. 200.00 í peningum, en þessi verðmæti tók ákærði Ragnar Jósef af honum. Brot þau, er undir þessum tölulið greinir, þykja varða við 218. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga.

V. Gegn ákærðu Þorbirni Ástvaldi og Jóni Helga er málið einnig höfðað fyrir að hafa:

1) Aðfaranótt fimmtudagsins 13. október s.l. í heimildarleysi ruðzt inn í nefnda verzlun í Tryggvagötu 23. Telst brot þetta varða við 231. gr. almennra hegningarlaga.

2) Síðastnefnda fimmtudagsnótt brotitzt inn í kjötverzlun Tómasar Jónssonar að Laugavegi 32, hér í bæ, og stolið þaðan malakoffpylsum og öðrum bjúgum, en brot þetta telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

VI. Þá er málið og höfðað gegn ákærða Ingólfi Kristófer fyrir

að hafa greinda fimmtudagsnótt og daginn eftir hjálpað með-ákærðu til að koma undan tóbaksvörum þeim og tyggigúmmi, er þeir tóku í verzluninni Tryggvagötu 23, svo og fyrir að taka þátt í ávinningi af brotum meðákærðu, er greinir undir tölulið IV hér að framan, með því að veita móttöku nefnda nótt og næsta dag hluta af tóbaksvörum og peningunum og fá þannig í sinn hlut nokkuð af ránsfengnum. Þykir brot þetta varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

VII. Málið er einnig höfðað gegn ákærðu Ingólfi Kristófer og Ragnari Jósef fyrir að taka þátt í ávinningi af innbroti ákærðu Þorbjörns Ástvalds og Jóns Helga í nefnda kjötverzlun með því að neyta af greindum bjúgum margnefnda fimmtudagsnótt heima hjá ákærða Jóni Helga að Bragagötu 31. Brot þetta telst varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. Loks er málið höfðað gegn ákærða Þorbirni Ástvaldi fyrir að hafa:

1) Eftir aðförina að Theodór Siemsen hóttað þeim meðákærðu Ragnari Jósef og Ingólfi Kristófer, sérstaklega hinum síðar nefnda, daginn eftir í herbergi sínu, er ákærði Þorbjörn Ástvaldur miðaði á hann byssu, að drepa þá, ef þeir segðu frá árásinni og ráninu. Þykir þetta brot varða við 233. gr. almennra hegningarlaga.

2) Fimmtudaginn 13. október s.l. ólöglega átt og haft í vörzlum sínum skotfæri, haglabyssuskot, skammbyssu, er hann keypti s.l. vetur, og haglabyssu, sem hann hafði að láni hjá föður sínum. Telst brot þetta varða við 1. mgr. 3. gr. sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936 um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau.

Þess er krafist:

a) Að allir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

b) Að ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Ingólfur Kristófer verði dæmdir til greiðslu skaðabóta svo og ákærðu Ragnar Jósef og Jón Helgi ásamt nefndum meðákærðum, verði skaðabótakrafa gerð á hendur þeim.

c) Að framangreind haglabyssuskot og skammbýssa verði gerð upptæk samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936.

d) Að allir hinir ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Þorbjörn Ástvaldur er fæddur í Hafnarfirði 10. marz 1937. Hann hefur áður sætt kærur, sem hér segir:

1952 15/3 Reykjavík. Kærður fyrir rúðubrot. Sent barnaverndarnefnd.

1954 16/5 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1954 30/7 Keflavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1955 29/3 Reykjavík. Kærður fyrir benzínhnúpl. Fellt niður.

Ákærði Ragnar Jósef er fæddur í Reykjavík 6. febrúar 1936. Hann hefur áður sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

1949 20/12 Reykjavík. Uppvís að þjófnaði. Sent barnaverndarnefnd.

1951 28/5 Reykjavík. Áminning fyrir rangstefnuakstur á reiðhjóli.

1951 29/5 Reykjavík. Uppvís að þjófnaði. Sent barnaverndarnefnd.

1951 11/12 Reykjavík. Uppvís að þjófnaði. Sent barnaverndarnefnd.

1954 10/4 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisлага.

1954 12/4 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins.

1954 1/5 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1955 4/4 Reykjavík. Dómur: Fangelsi í 5 mánuði, skilorðsbundið í 3 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi og rétti til ökuleyfis í 6 mánuði fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegningarlaganna.

Ákærði Ingólfur Kristófer er fæddur í Reykjavík 13. ágúst 1936. Hann hefur áður sætt þessum kærnum og refsingum:

1952 19/3 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1952 27/10 Reykjavík. Sátt, 30 kr. sekt fyrir að hjóla fullur á ljóslausu reiðhjóli.

1954 27/4 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

1955 15/3 Reykjavík. Kærður fyrir árás á stjúpöður sinn. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins 18/4 1955.

1955 3/7 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Jón Helgi er fæddur í Hafnarfirði 15. nóvember 1935. Hann hefur ekki sætt kærnum eða refsingum áður.

Samkvæmt eigin játningum ákærðu svo og öðru því, sem upplýst er í máli þessu, eru málsatvik þessi:

I.

Laugardagskvöldið 22. nóvember 1952 var ákærði Ingólfur Kristófer Sigurgeirsson á dansleik í Iðnó. Var hann að eigin sögn nokkuð undir áhrifum áfengis. Að loknum dansleiknum fór hann burt einn saman. Gekk hann um bæinn nokkra stund, upp Skólavörðustíg og niður Frakkastíg. Er hann kom að horni Laugavegar og Frakkastígs, tók hann eftir konu, er kom gangandi niður Frakkastíg og beygði til vinstri niður Laugaveg. Var þetta konan X, . . ., 30 ára að aldri. Var hún á leið heim til sín. Ákærða kom það í hug, er hann sá konuna, að reyna að komast yfir hana, og fylgdi hann henni eftir. Er konan var komin að Laugavegi 28 (Laufahúsinu), gaf ákærði sig á tal við hana. Segir X, að ákærði hafi mælt til að fylgja henni heim, og kveðst hún hafa sagt honum að láta ekki svona eða vera ekki að þessari vitleysu. Hafi ákærði þá ætlað að taka til hennar, en þá kveðst hún hafa ýtt honum frá sér. Ákærði segir, að hann hafi fallið við, er X ýtti honum frá sér, en ekki kveður X það rétt. Hélt nú X áfram. Vestan við Laugaveg 28 er sund, er hún þurfti að ganga um til að komast að húsi því, er hún bjó í. Er X var komin að sundi þessu, réðst ákærði að henni, tók annarri hendi fyrir munn hennar, en hinni utan um hana og dró hana eða ýtti upp sundið. Þegar komið er fyrir húshornið, er sundinu sleppir, verða fyrir tröppur, er liggja niður að kjallaradyrum. Hratt ákærði konunni þar niður, felldi hana á bakið og lagðist ofan á hana. Reyndi hann nú að fletta X klæðum í því skyni að hafa samfarir við hana. Ákærði lýsir þessu svo, að hann hafi mælt til þess, að konan leyfði honum samfarir, en konan hafi streitst á móti af alefli. Kveðst hann hafa reynt eftir megni að færa konuna úr fötum, en ekki tekizt það. Hafi X rekið upp óp, en hann kveðst hafa reynt að þagga niður í henni. Hann kveðst hafa opnað buxnaklauf sína. Ekki kveður hann sér hafa risið hold. X lýsir svo tiltektum ákærða, að hann hafi haldið fast um kverkar henni eða fyrir vit hennar, er hún ætlaði að hljóða, og hafi hann hert þá tökin, svo að henni hafi fundizt, að hún ætlaði að kafna. Hann hafi slitið niður um hana sokkana og reynt að fletta hana klæðum að öðru leyti, en því kveðst hún hafa getað afstýrt. Hún kveðst einu sinni í þessari viðureign hafa getað losað sig frá ákærða og stokkið upp tröppurnar, en ákærði hafi náð henni, dregið hana niður tröppurnar aftur og fellt hana, og kveðst hún hafa við það marizt á baki. Hann hafi síðan haldið áfram að reyna að losa um föt hennar og hafi hann náð að draga buxur hennar nokkuð niður. Hann hafi einnig hneppt frá sér frakka og jakka og opnað buxnaklauf sína.

Þá heldur X því fram, að ákærði hafi viðhaft hótanir við hana, svo sem að hann skyldi drepa hana, ef hún færi ekki úr fótunum, en ekki kannast ákærði við, að þetta sé rétt. X segir, að meðan á viðureign þessari stóð, hafi hún eitt sinn heyrt, að einhver hafi kallað eða talað til hennar, en ákærði hafi komið í veg fyrir, að hún gæti svarað því.

Vitnið Júlíana Pétursdóttir, Laugavegi 28 C, skýrir svo frá, að hún hafi vaknað við, að hún heyrði hjóð í kvenmanni og síðan, að kallað var á hjálþ. Hún kveðst hafa brugðið yfir sig kápu og farið út og heyrt, að hljóðin komu upp úr kjallaraganginum við Laufahúsið. Kallaði Júlíana og spurði, hver það væri, en fékk ekki svar. Fór hún þá og bað Árna Gíslason kaupmann, sem býr í húsinu, að hringja til lögreglu. Gerði Árni það, en þá var þegar búið að hringja til hennar út af þessu. Er ekki ljóst, hver það hefur gert.

Þegar lögreglan var kölluð á staðinn, var klukkan 3.30. Fóru þrír lögregluþjónar á staðinn. Komu þeir að ákærða, þar sem hann lá ofan á X. Tóku lögreglumennirnir hann höndum. Var ákærði hinn rólegasti og ölvunarmerki lítt eða ekki sjáanleg á honum að vætti lögregluþjónanna. X var mjög illa til reika, kjólnum flett upp um hana, sokkar hennar í tætlum og fót öll óhrein, og var hún öll í uppnámi og kjökrandi. Hún skýrði lögregluþjónunum frá því, að ákærði hefði ráðizt á hana og reynt að nauðga henni. Ákærði lét í veðri vaka við lögregluþjónana, að hann hefði verið í fylgd með X og þau orðið ósátt.

Í vottorði Elíasar Eyvindssonar lækni, dags. 23. nóvember 1952, segir svo: „X . . . hefur orðið fyrir miklu taugaáfalli, auk þess eru mikil eymsli í baki, hálsi og aftan á höfði, svimi og óstyrkur í öllum líkamanum. Talsverðar skrámur á báðum hnjám og fótleggjum og marblettir á báðum lærum“.

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, er fullsannað með játningu ákærða sjálfs, sem studd er öðrum gögnum, að ákærði hefur með ærnu ofbeldi og frelsissviptingu reynt að þröngva konunni X til samfara í umrætt skipti. Hefur hann þannig gerzt sekur um brot gegn 1. mgr. 194. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, eins og í ákærulið I, 3, segir.

Er fram fóru dómpróf út af þessu broti ákærða, þar ákærði það, að umrætt kvöld hefði hann fengið 100 krónur hjá kunningja sínum og fyrir þetta fé hefði hann keypt áfengi, er hann hefði neytt. Þessi kunningi ákærða kvað þessa frásögn hans ranga, og kannaðist ákærði við það eftir nokkurt þóf, að svo væri. Kvaðst hann þá hafa náð í áfengi með þeim hætti, að hann hefði umrætt

kvöld farið að bifreiðastöðinni Hreyfli og farið þar í ólæsta bifreið á bifreiðastæði stöðvarinnar og fundið hálfflösku af áfengi undir framsætinu, tekið hana með sér og neytt úr henni. Jafnframt játaði ákærði, að hann hefði fyrr þá um haustið farið að næturlagi inn í bifreið, er staðið hafi við Borgarbílastöðina, og tekið þar tvær þriggjaþelaflöskur af áfengi og slegið eign sinni á þær. Þjófnaðir þessir voru eigi tilkynntir rannsóknarlögreglunni, og er eigi vitað, hvaða bifreiðar um var að ræða. Þykir þó verða að telja játningu ákærða næga sönnun þess, að hann hafi framið þessi brot. Hefur hann þannig framið brot þau, er ákæruliðir I, 1, og I, 2, fjalla um og varða við 244. gr. hegningarlaga, sem þar segir, en þó athugast, að flöskur þær, er ákærði tók úr bifreiðinni við Borgarbílastöðina, voru tvær, en ekki þrjár, eins og í ákæru segir.

Rannsókn var látin fara fram á andlegum og líkamlegum þroska og heilbrigði ákærða, og framkvæmdi hana dr. Helgi Tómasson yfirlæknir í fyrri hluta desember 1952. Í niðurlagi skýrslu sinnar segir dr. Helgi m. a.:

„Álit mitt á Ingólfi Kristófer Sigurgeirssyni er þetta: Hann er andlega fullþroska og hvorki geðveikur né geðveill, en unglingur á gelgjuskeiði, sem framið hefur skammhlaupaverk undir áhrifum áfengis. . . . Með tilliti til þeirrar ævi, sem pilturinn hefur átt, virðist mér upplag hans muni vera gott og alls ekki um neinar glæpsemitilhneigingar að ræða“.

Bótakrafa hefur komið fram frá X á hendur ákærða Ingólfi Kristófer. Krefst hún bóta, að upphæð 2500 kr., vegna fata-skemmda og 5000 kr. fyrir þjáningar og óþægindi eða alls 7500 kr. Kröfu þessari þykir í hóf stillt, og ákærði hefur samþykkt hana. Verður hún því tekin til greina að öllu leyti.

II.

Laugardagskvöldið 2. október 1954 var dansleikur haldinn í KR-heimilinu við Kaplaskjólsvæg hér í bænum. Ákærði Ingólfur Kristófer var þar í hópi félaga sinna. Hann var undir áhrifum áfengis. Þar var einnig Leifur Ingólfsson, þá iðnnemi, til heimilis að Grenimel 2, einnig í hópi sinna félaga. Hann var og drukkinn. Drykkjuskapur virðist hafa verið allmikill á skemmtan þessari og allróstusamt.

Nálægt miðnætti varð missætti með þeim ákærða og Leifi, að því er virðist vegna stóls, er báðir gerðu tilkall til, en hvorugur vildi sleppa við hinn. Lyktaði þeim deilum svo, að átök hófust milli þeirra, en í þeim átökum sló ákærði Leif mikið högg, er

kom á kjálka hans. Hafði hann þrautir nokkrar, en gerði þó ekki að frekar að sinni. Næsta dag kom í ljós, að Leifur var kjálkabrotinn, og staðhæfir hann, að hann hafi ekki getað brotnað af annars völdum en höggi ákærða.

Með því nokkurs ósamræmis gætir í framburði Leifs og ákærða svo og vitna um upphaf skiptanna, þykir eigi verða hjá því komið að rekja framburði þeirra nokkru nánar.

Leifur Ingólfsson heldur því fram, að skipti hans og ákærða hafi hafizt vegna stóls, sem ákærði af misskilningi áleit, að Leifur og félagar hans hefðu numið frá ákærða og félögum hans. Hann minnst þess, að varpað var hlutkesti um stólinn, en ekki man hann, hvors hlutur kom upp. Stóllinn hafi að lokum verið hjá félögum Leifs, ákærði farið að sínu borði, en þó eigi setzt niður, né heldur Leifur. Hafi þeir þannig átt í orðaskaki vegna stólsins, en að lokum hafi ákærði rokið að sér án nokkurs fyrirvara og slegið sig allþungt högg á hægri kjálka. Hafi hann síðan búizt til þess að slá aftur, en Leifur, þá viðbúinn, beygði sig undan högginu og hljóp á ákærða, og féll hann við, en Leifur á hann ofan. Þó voru þeir síðan skildir, án þess að þeim gæfist færi á að slá hvor annan. Eftir þetta hafi hann haft þrautir í kjálka, en í fyrstu álitid, að það væri ekki alvarlegt. Næsta dag hafi komið í ljós, að hann var kjálkabrotinn, og útilokað sé, að kjálkinn hafi brotnað af öðru en höggi ákærða.

Vitnið Einar Jónas Ingólfsson hefur með eiðfestum framburði sínum staðhæft, að það hafi orðið vart við, að ákærði og Leifur voru að rífast, en ekki vissi vitnið, hvers vegna, og gaf sennu þeirra ekki gaum. Sneri það baki við þeim. Er vitnið leit til þeirra aftur, segir það, að ákærði hafi verið með krepptan hnefa á lofti, og hafi hann slegið Leif á hægri kjálka, en búizt síðan til að slá hann aftur. Leifur hafi beygt sig undan högginu og hlaupið á ákærða. Hafi þeir báðir fallið, en strax verið skildir. Leifur hafi þegar gripið til kjálkans, er hann fékk höggið, og kvartað um þrautir það sem eftir var. Vitnið fylgdist með Leifi það sem eftir var, og varð ekki vart við, að hann lenti í átökum eftir þetta.

Vitnið Jón Ólafur Karlsson hefur með eiðfestum framburði sínum staðhæft, að það hafi orðið vart við, er þeir ákærði og Leifur rifust um stól þann, er Leifur og þeir félagar höfðu haft hjá sér. Endaði rifrildið með því, að ákærði sló Leif á kjálkann. Leifur greip þá um kjálkann. Ákærði ætlaði að slá hann aftur, en Leifur beygði sig undan högginu og rauk á ákærða. Féllu þeir báðir og voru skildir. Vitnið segir enn fremur: „Nokkru eftir að strákarnir voru skildir, fór Leifur að kvarta um verk í kjálkan-

um og sat þá á stólnum eins og aumingi, en var samt á ballinu, til er það hætti“, en vitnið staðhæfir, að Leifur hafi ekki lent í öðrum átökum en þessum. Nokkru síðar kveðst vitnið hafa sótt ákærða og ætlað að fá þá Leif til að sættast, en þá hafi Leifur hrint ákærða frá, en ekki hafi þó komið til neinna átaka.

Vitnið Bjarni Steingrímsson kveðst hafa orðið vart við, að ákærði og Leifur voru að rifast út af stól. Það gaf þó ekki gaum sennu þeirra, fyrr en það sá, að þeir voru komnir í hár saman og féllu í gólfið. Vitnið sá ekki ákærða slá Leif. Vitnið segir, að Leifur hafi hrint ákærða, svo að hann hafi fallið, en man ekki, hvort það var, áður en átök þeirra urðu.

Ákærði heldur því fram, að eitt sinn, er hann kom að borði sínu, hafi þar vantað einn stól. Hann kveðst ekki hafa betur séð en að einhver félagi Leifs hafi verið að færa hann. Hafi hann því farið til þeirra og viljað fá stólinn. Því hafi Leifur og félagar hans neitað, en félagi Leifs boðið til slagsmála um stólinn. Vildi ákærði heldur varpa hlutkesti um hann. Á það, segir hann, að hafi verið fallizt, og sinn hlutur komið upp. Er ákærði síðan ætlaði að taka stólinn, segir hann, að Leifur hafi staðið upp og mótmælt þessu, þar sem ákærði hefði engan rétt til stólsins. Af þessu hafi síðan sprottið deilur með þeim og rifrildi, sem endað hafi með því, að Leifur hafi hrint ákærða frá, en við það, segir ákærði, að fokið hafi í sig og hann slegið Leif eitt hnefahögg með vinstri hendi, og hafi höggið komið á kjálkann. Hann kveðst þó ekki muna, hvort hann reyndi að slá Leif aftur, en segir, að Leifur hafi þá rokið að sér og skellt sér á gólfið og þar hafi þeir síðan velzt nokkuð, unz þeir voru gripnir. Hann segir enn fremur, að síðar hafi einn félagi Leifs reynt að koma á sáttum á milli þeirra, en Leifur ekki viljað. Ákærði kveðst ekki geta neitað því, að Leifur hafi getað kjálkabrotnað við högg það, er hann veitti honum, en kveðst þó á hinn bóginn ekki geta viðurkennt, að það sé staðreynd, að hann hafi brotnað við höggið. Telur hann, að kjálki Leifs hafi eins getað brotnað í ryskingum, sem hann hafi lent í eftir þetta.

Í vottorði prófessors Jóns Sigtryggssonar segir, að Leifur Ingólfsson, 19 ára iðnnemi, Grenimel 2, hafi hinn 4. október 1954, kl. 9 árdegis, fyrst komið til sín eftir meiðslin, en hafi áður komið til eftirlits í Landsspítalann. Segist prófessorinn við fyrstu skoðun hafa fundið þessi sjúkdómseinkenni: Fractura mandibulae bilat., en hann telur, að sjúklingurinn geti að mestu leyti haldið áfram starfi sínu, án þess að það komi í bága við lækningatilraunir.

Með eiðfestum framburðum vitnanna Einars Jónasar Ingólfs-

sonar, Jóns Ólafs Karlssonar, Leifs Ingólfssonar, studdum fram-
burði ákærða sjálfs og öðru því, sem upplýst er í málinu, verður
að telja nægilega sannað, að Leifur Ingólfsson hafi hlotið um-
rætt kjálkabrot beggja vegna af hnefahöggi ákærða, því er að
framan er lýst, er ákærði veittist að Leifi á dansleiknum í KR-
heimilinu 2. október 1954. Þykir brot ákærða réttilega heimfært
undir 218. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar
1940.

Leifur Ingólfsson hefur gert þá kröfu á hendur ákærða Ingólfi
Kristófer, að hann verði dæmdur til þess að greiða sér í skaða-
bætur kr. 7083.65. Hefur hann sundurliðað kröfuna þannig, að
kr. 5000.00 séu fyrir sársauka, kr. 2003.85 fyrir vinnutap, er hann
hefur orðið fyrir vegna meiðslanna, en kr. 65.00 fyrir læknis-
hjálp, en annarra liða er ekki getið, svo að bótakrafan sýnist
því í upphafi vera kr. 15.00 of há vegna reikningsskekkju.

Af hendi ákærða Ingólfs var kröfu þessari mótmælt. Aðallega
að ekki væri grundvöllur undir kröfuna, þar sem ósannað væri,
að kjálkabrot Leifs stafaði af höggi ákærða. Til vara er þess
krafizt, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða aðeins hluta
kröfunnar, með því að Leifur hafi með háttsemi sinni átt sök á
því sjálfur, hvernig til tókst. Þá er kröfu vegna eftirvinnu, kr.
503.70, algerlega mótmælt.

Til stuðnings kröfu sinni hefur Leifur Ingólfsson lagt fram
vottorð föður síns, þar sem segir, að á tímabilinu frá 4. október
1954 til 10. nóvember 1954 hafi hann vegna veikinda verið frá
vinnu 102.75 dagvinnustundir (kaup kr. 14.60 pr. klst.) og 23
eftirvinnustundir (kaup kr. 21.90). Nemi kaup þær stundir því
kr. 2003.85. Í skýrslum Leifs kemur hins vegar fram, að hann
hafi verið frá verki vegna brotsins heila viku, en það sýnist ekki
geta verið nema 48 dagvinnustundir, en kaup fyrir þær ætti þá að
hafa verið kr. 700.80 auk eftirvinnu, sem þó liggur ekki fyrir að
hann hafi misst af á þessum tíma. Með hliðsjón af vottorði pró-
fessors Jóns Sigtryggssonar um það, að Leifur gæti að mestu
leyti haldið áfram starfi sínu, án þess að það kæmi í bága við
lækningatilraunir, staðhæfingu Leifs um, að hann hafi verið viku
frá verki, svo og því, að af hendi ákærða, fjárráðamanns hans
og verjanda hefur þessi liður verið samþykktur með þeim fyrir-
vara, sem að framan greinir, að undantekinni kröfu um bætur
fyrir eftirvinnutap, þykir þessi liður kröfunnar hæfilega ákveð-
inn kr. 700.80.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt að dæma
ákærða Ingólf Kristófer til greiðslu bóta til handa Leifi Ingólfs-

syni. Pykja bæturnar eftir atvikum og með hliðsjón af framan-sögðu hæfilega ákveðnar alls kr. 5000.00.

III.

Fimmtudaginn 14. apríl 1955 tilkynnti Sigurjón Þórðarson, forstjóri Borgarþvottahússins, að fatnaði myndi um það leyti hafa verið stolið þar í þvottahúsinu. Vantaði þar m. a. tvenn jakkaföt, rykfrakka og kuldaúlpu. Ekki voru þá sýnileg merki þess, að innbrot hefði verið framið.

Við húsleit, sem gerð var hjá ákærða Þorbirni Ástvaldi eftir handtöku hans 14. október s.l., fundust m. a. buxur og rykfrakki, sem forstöðumaður þvottahússins taldi örugglega vera af fötum þeim, sem horfið hefðu úr þvottahúsinu í aprílmánuði s.l.

Ákærði Þorbjörn Ástvaldur hefur viðurkennt, að hann hafi einhvern tíma í aprílmánuði s.l., meðan verkfallið var enn og hann atvinnu- og peningalaus með öllu, brotízt inn í nefnt þvottahús og tekið þaðan nokkuð af fötum og kastað eign sinni á. Hann kveðst hafa verið einsamall, ölvaður, staddur niðri í bæ, þegar hann tók ákvörðun um að fremja innbrotið. Hann kveðst hafa komið inn með þeim hætti að teygja inn hönd um glugga, þar sem rúða hafi verið brotin fyrir. Hafi sér þannig tekizt að krækja upp glugganum og smjúga inn. Þar hafi hann síðan tekið af handahófi föt, sem hann síðan lét í poka eða druslu einhverja. Var þar um að ræða tvenn jakkaföt, karlmannsrykfrakka og ef til vill jakka að auki, eftir því sem ákærði segir. Hins vegar staðhæfir hann, að hann hafi þar enga kuldaúlpu tekið, hvorki þá né í annan tíma, utan eina, sem hann segir, að meðákærði Ragnar Jósef hafi verið í, er hann var handtekinn.

Föt þessi flutti ákærði síðan í bát þann, sem hann svaf þá í og var hér í höfninni, en seldi síðan af fötunum það, sem ekki kom fram við húsleitina hjá honum. Einar buxur kveðst ákærði hafa notað sjálfur. Hann kveðst hafa notað peninga þá, sem hann fékk fyrir fötin, til þess að lifa af, enda hafi hann ekki haft aðra peninga til þess þá. Hann staðhæfir, að ekkert af peningunum hafi hann notað til skemmtana eða áfengiskaupa.

Með framangreindri háttsemi hefur ákærði brotið 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

IV.

Við húsleit hinn 14. október s.l. hjá ákærða Þorbirni Ástvaldi í herbergi því, er hann hafði á leigu á Hringbraut 39, hér í bænum, fundust frímerki í vindlakassa, að fjárhæð kr. 292.20, en

grunur lék á því, að þar væri um að ræða frímerki, sem stolið hafði verið úr skrifstofu Sindra h/f við Hverfisgötu, hér í bæ. Frímerki þessi kvaðst ákærði hafa um það bil einum mánuði áður fundið inni við Elliðaár, og hefðu þau þá verið í kassanum, er hann fann þau. Frímerki þau, sem hurfu úr skrifstofu Sindra h/f, voru hins vegar ekki í kassa, heldur laus í örku. Ákærði hafði kassann með sér heim, en staðhæfir, að hann hafi ekkert tekið úr kassanum síðan og engu við hann bætt. Ákærði gerði engar ráðstafanir til þess að koma frímerkjunum til eiganda þeirra eða að reyna að hafa upp á honum, né heldur lét hann lögregluna vita neitt um fundinn.

Fyrir hönd ákærða hefur verið gerð krafa um, að þessum lið ákærunnar verði samkvæmt 2. mgr. 256. gr. hegningarlaganna vísað frá dóminum, þar sem verðmæti merkjanna sé innan þeirra marka, sem greinin tekur til, ákærði hafi eigi áður gerzt sekur um auðgunarbrot, en í þriðja lagi hafi eigandi merkjanna ekki fundizt, og því engin krafa af hans hendi gerð um refsingu. Sé því ekki grundvöllur til opinberrar málshöfðunar vegna verknaðarins. Til vara er þess krafizt, að ákærði verði sýknaður af kröfunni, þar sem ósannað sé, að ákærði hafi verið búinn að slá eign sinni á merkin, er þau fundust við húsleit hjá honum.

Á aðalkröfu verjanda ákærða verður ekki fallizt, þegar af þeirri ástæðu að ákærði var hinn 29. marz 1955 staðinn að þjófnaði á 10 lítrum af benzíni, en málssókn var þá felld niður samkvæmt 2. mgr. 256. gr. hegningarlaganna, og er því það skilyrði ákvæðisins ekki fyrir hendi, að ákærði hafi ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, en auk þess er í máli þessu fjallað um brot, sem falla utan marka ákvæðisins.

Telja verður sannað, að tilgangur ákærða með því að hafa merki þau, er hér um ræðir, svo lengi í vörzlu sinni, án þess að tilkynna um þau eða skila til lögreglunnar, hafi verið sá að kasta eign sinni á þau. Þykir brot ákærða að þessu leyti réttilega heimfært undir 246. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

V.

Með eigin játningu ákærða Þorbjörns Ástvalds, sem er í samræmi við annað það, sem upplýst er í máli þessu, er sannað, að aðfaranótt laugardagsins 8. október 1955, milli klukkan 3 og 4, brauzt ákærði inn í Borgarþvottahúsið hér í bænum í þeim tilgangi að hafa þaðan á brott með sér föt, sem hann kvaðst hafa ætlað til eigin nota. Ákvörðun um innbrot kveðst hann hafa

tekið kvöldið áður en það var framið. Hann staðhæfir, að hann hafi verið einn um innbrot þetta og enginn í vitorði með sér, hvorki fyrir né eftir að það var framið. Hann kveðst hafa komizt inn með þeim hætti, að hann losaði gluggarúðu í vinnusal á framhlið hússins með því að spenna hana frá með hníf. Komst hann þá inn með því að smjúga um opið. Ekki kveikti ákærði ljós í vinnusalnum, en tók þar þrennan alfatnað karlmanna, frakka og „eitthvað fleira af fötum“, sem hann kvaðst ekki muna nánar, hvað var. Lét hann föt þessi í léreftspoka, er hann fann þar, ásamt léreftsskyrtum, er hann einnig tók, og gaberdineskyrtu. Fór ákærði síðan með varning þenna á bakinu til herbergis síns á Hringbraut 39; fór hann um dyr að afgreiðslu þvottahússins.

Samkvæmt tilkynningu, sem forstöðumaður þvottahússins, Sigurjón Þórðarson, gaf rannsóknarlögreglunni þegar morguninn eftir, var saknað þar í þvottahúsinu frá því um nóttina áður allmikils fatnaðar. Var þar um að ræða fern karlmannaföt, tvennar stakar buxur, frakka og úlpu, en auk þess talið, að eitthvað fleira kynni að vanta, sem þá hafi ekki þegar verið tekið eftir. Ákærði viðurkenndi að hafa selt einn fatnað af þeim, er hann hafði þarna tekið. Sjálfur var hann í einum fötum auk gaberdineskyrtu eða blússu úr þvottahúsinu, er hann var handtekinn að kvöldi hins 13. október s.l. Þegar Ragnar Jósef, meðákærði í málinu, var handtekinn 15. október s.l., var hann í blússu eða úlpu, sem ákærði Þorbjörn viðurkenndi einnig, að hann hefði tekið þar. Herbergisfélagi ákærða, Sigurður Stefánsson frá Akurholti í Eyjahreppi, hafði fengið ein af fötunum að láni, en ósannað er, að hann hafi haft nokkra vitneskju um það þá, með hverjum hætti ákærði var að fötunum kominn.

Við húsleit í herbergi ákærða að Hringbraut 39 hinn 14. október fundust eftirtalin föt, sem síðar kom í ljós að voru úr Borgarþvottahúsinu:

Blár gaberdinejakki og buxur, dökkgrár teinóttur taujakki, bláar taubuxur, gráar taubuxur, ljósgrár regnfrakki, þrjár hreinar léreftsskyrtur með þvottahúsmerki, síðar nærbuxur og blágráar taubuxur. Þá fundust þar pappírsræmur, slíkar sem notaðar eru til þess að merkja með þvott með merki Borgarþvottahússins.

Áðurnefndur forstöðumaður Borgarþvottahússins upplýsti, að öll framanskráð föt hefðu verið til hreinsunar í þvottahúsinu, en horfið þaðan aðfaranótt 8. október, að undanteknum grábláu buxunum og rykfrakkanum, en það taldi forstöðumaðurinn að hefði horfið úr þvottahúsinu í aprílmánuði s.l., sbr. annan þátt hér fyrir framan.

Eftir því sem hér hefur verið rakið, má telja sannað, að fót þau, sem ákærði tók í innbroti þessu hinn 8. október hafi verið: 4 karlmannaföt (jakki og buxur), 2 stakar buxur, 1 úlpa eða blússa, þrjár léreftsskyrtur og ein gaberdineskyrta, frakki og nærbuxur. Hefur þvottahúsið fengið fót þessi aftur, nema þau, er seld voru, og frakka, sem forstöðumaðurinn telur hafa horfið og ekki liggja fyrir neinarnar upplýsingar um, hvar kominn sé.

Auk þessa fatnaðar skýrði forstöðumaður þvottahússins dóm-inum frá því hinn 2. nóvember s.l., að vant væri fleiri fata úr þvottahúsinu frá innbrotum þeim, er ætlað er að framin hafi verið 8. október og í aprílmánuði s.l., en ósannað er gegn mót-mælum ákærða, að hann hafi verið valdur að hvarfi þeirra.

Brot ákærða samkvæmt framansögðu þykir réttilega heimfært undir 244. gr. hegningarlaganna nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

Skaðabótakrafa frá forstöðumanni Borgarþvottahússins hefur ekki komið fram, enda þótt kostur væri á því veittur.

VI.

1) Miðvikudagskvöldið 12. október s.l. neyttu allir hinir ákærðu í máli þessu áfengis. Voru þeir framan af kvöldi ýmist allir saman eða að þeir skildu um stundarsakir og drukku með öðrum félögum sínum. Fór drykkja þeirra fram á veitingastöðum í miðbænum, Brytanum í Hafnarstræti, Brytanum í Austurstræti og svokölluðum Gamla-bar (café Höll). Hafa ákærðu nokkuð ráfað um milli staða þessara og haft áfengið með sér, en fengið gosdrykki á veitingastöðunum til blöndunar. Gekk svo framundir miðnætti. Er lokað var veitingastöðunum, voru þeir ákærðu Jón Helgi og Ragnar Jósef á Brytanum í Hafnarstræti, en ákærðu Ingólfur Kristófer og Þorbjörn Ástvaldur voru þá nýfarnir þaðan. Skömmu síðar fóru þeir ákærðu Jón Helgi og Ragnar Jósef úr veitingastofunni. Þeir hittust allir aftur skömmu síðar í Kolasundi við mót þess og Austurstrætis. Þeir voru þá mjög fjárþurfi og áfengislausir með öllu. Voru þeir þar um stund í Kolasundi og höfðu í frammi nokkurn stráksskap.

Theodór kaupmaður Siemsen var á gangi þar í Austurstræti. Ákærðu sáu hann, og hafði ákærði Þorbjörn Ástvaldur orð á því, að þarna væri Theodór Siemsen og það hlyti að vera hægt að hafa fé af honum. Gerði hann sig jafnframt líklegan til þess að hafa samband við Siemsen, en ákærði Ragnar Jósef kom í veg fyrir það og sagðist skyldu tala við Siemsen sjálfur, en kveðst jafnframt hafa beðið félaga sína, meðákærðu, um að bíða sín þar.

Ákærði Ragnar gekk nú til Siemsens og heilsaði honum. Virð-

ist svo sem hann hafi þá látið svo sem hann væri drukknari en hann í raun og veru var, en var þó alldrukinn fyrir. Kveðst ákærði ætla að gjalda Siemsen skuld, er Siemsen átti hjá honum, en ákærði mun hafa fengið í reikning eina lengju af vindlingum, er ákærði var skipverji á einhverju ríkisskipanna. Kveðst Siemsen árangurslaust hafa reynt að innheimta skuldina áður hjá Ragnari Jósef. Siemsen kveðst hafa verið á leið til búðar sinnar, þar sem hann átti nokkurn varning, er hann ætlaði að hafa heim með sér um kvöldið. Hann kveðst því hafa beðið ákærða að fylgja sér til búðarinnar.

Héldu þeir nú sem leið liggur úr Pósthússtræti við Austurstræti um Hafnarstræti og yfir bifreiðastæði, sem þar er, yfir Tryggvagötu og í búð Siemsens. Gengu þeir í búðina, en Siemsen mun hafa læst dyrum. Héldu þeir síðan í skrifstofu við hlið sölubúðarinnar og inn af henni, og mun hurðinni að skrifstofuherberginu hafa verið lokað. Það, er næst gerðist þar inni, ber þeim eigi saman um, ákærða Ragnari Jósef og Siemsen. Ákærði Ragnar Jósef heldur því fram, að Siemsen hafi gerzt áleitinn við sig, en ákærði jafnan hrundið honum frá sér og sagt honum að koma með reikninginn. Hafi Siemsen þá ekki viljað láta hann fá reikninginn, nema um leið og hann borgaði, nema hann vildi þýðast áleitni Siemsens. En ákærði kveðst hafa svarað því til, að þá vildi hann fá peninga, sem Siemsen kvaðst ekki hafa. Þessu hefur Siemsen hins vegar eindregið mótmælt sem röngu og tilhæfulausu með öllu. Siemsen heldur því fram, að ákærði hafi beðið um kóka-kóla, eftir að þeir hafi komið í búðina, og hafi hann sótt honum flösku af því. Þessu hefur ákærði mótmælt. Siemsen segir, að vera meg, að ákærði hafi heimtað að fá reikninginn, en ekki kveðst hann hafa verið búinn að taka hann fram og ekki ætlað að gera það, fyrr en sýnt væri, að Ragnar Jósef ætlaði að greiða. Ákærði segir, að þegar ekki hafi gengið saman með þeim Siemsen, hafi Siemsen skipað sér að fara út, en hótad ella að hringja á lögregluna, eftir að ákærði hafði þrifið súkkulaði eða eitthvert sælgæti í borði búðarinnar og borðað það, en neitað að greiða, þegar Siemsen krafði hann greiðslu fyrir. Kveðst ákærði hafa sagt Siemsen, að ekkert þýddi fyrir hann að kæra til lögreglunnar, þar sem það myndi verða verst fyrir Siemsen sjálfan. Munu þeir hafa átt í nokkrum stimpingum, er Siemsen ætlaði að koma ákærða út fyrir dyrnar. Opnaði hann að lokum dyrnar og hugðist mismuna ákærða Ragnari út.

Það er af meðákærðu, Þorbirni Ástvaldi, Jóni Helga og Ingólfi Kristófer, að segja, að er ákærði Ragnar Jósef og Siemsen héldu

af stað í áttina til búðar Siemsens, fóru þeir í humátt á eftir þeim. Tóku þeir sér síðan stöðu andspænis búðinni við innkeyrslusund að heildverzlun, sem þar er, og biðu þar átekta. Sáu þeir, að ákærði Ragnar Jósef og Siemsen fóru í skrifstofu Siemsens, og var dyrum lokað á eftir þeim. Fannst þeim dvöl þeirra alllög. Fór ákærði Þorbjörn Ástvaldur því yfir götuna og kveðst hafa ætlað að fylgjast með því, hvað þeim fór á milli, Siemsen og meðákærða Ragnari Jósef. Tók hann sér stöðu við dyr búðarinnar, en tjald mun hafa verið dregið niður í hurðinni, og sást hann því ekki innan úr búðinni. Er ákærði Þorbjörn Ástvaldur fór yfir að búðinni, reyndu þeir ákærðu Jón Helgi og Ingólfur Kristófer að fá Þorbjörn Ástvald ofan af því að fara, og einnig eftir að hann var kominn yfir að búðinni, munu þeir hafa kallað til hans tvívegis um að koma aftur til baka.

Sem nú dyrum búðarinnar var lokið upp, ruddist ákærði Þorbjörn Ástvaldur þegar inn í búðina. Veittist hann umsvifalaust að Siemsen með höggum og barsmíð, en Siemsen veitti hið mesta viðnám. Að lokum fékk ákærði Þorbjörn Ástvaldur hrakið Siemsen inn í skrifstofuna, og mun ákærði Ragnar Jósef hafa veitt Þorbirni í því. Þegar ákærði Jón Helgi sá bróður sinn Þorbjörn ryðjast til inngöngu í búðina, hljóp hann þegar á eftir honum og mun hafa komið í búðina, rétt í sama mund og Siemsen hafði verið hrakinn í skrifstofuna. Veggsími er við dyr skrifstofunnar, og greip Siemsen til hans, um leið og hann var hrakinn þar inn. Ákærði Þorbjörn Ástvaldur þreif þá þegar heyrnartól símans og laust því tví- eða þrívegis í höfuð Siemsens, en skipaði honum að koma með peninga, sem hann hins vegar kvaðst enga hafa. Kom þá að Jón Helgi, þreif heyrnartólið af Þorbirni Ástvaldi og hratt honum frá, um leið og hann innti bróður sinn eftir því, hvort hann væri vitlaus eða hvort meiningin væri að drepa manninn, og skipaði honum að hætta að misþyrma honum. Ákærði Ragnar Jósef hafði þá einnig barið Siemsen nokkuð. Ákærði Ragnar Jósef heldur því fram, að meðákærði Jón Helgi hafi einnig barið Siemsen nokkuð, en því hefur hann eindregið mótmælt, og er enda mótmælt af bróður hans ákærða Þorbirni Ástvaldi auk Siemsens sjálfs. Hins vegar bauðst ákærði Jón Helgi til þess að halda Siemsen, og kom til nokkurra átaka milli þeirra, áður en hann kom Siemsen undir sig og hélt honum niðri.

Þegar Jón Helgi hafði hrundið bróður sínum frá Siemsen, fór hann, þ. e. ákærði Þorbjörn Ástvaldur, fram í búðina og lét hann þar greipar sópa um vindlingalengjur, sem þar voru í hillu. Bar hann síðan vindlingana inn í skrifstofuna og tösku eina belgvíða,

sem var einnig frammi í búðinni. Gerðist Siemsen þá ókyrr, og urðu þeir nú að halda honum báðir, Jón Helgi og Ragnar Jósef. Þorbjörn hóf nú að raða vindlingunum í töskuna. Ragnar Jósef bauðst þá til að halda Siemsen einsamall. Jón Helgi tók við af bróður sínum Þorbirni Ástvaldi við að raða niður í töskuna. Þorbjörn Ástvaldur hóf leit að áfengi, sem hann áleit að vera kynni þar í skrifstofunni. Jón Helgi lauk við að raða vindlingunum í töskuna og hvarf síðan á brott, en sagði félögum sínum að flyta sér.

Rétt áður en Jón Helgi hvarf á brott úr búðinni, tók Siemsen enn að ókyrrast, og fékk Ragnar eigi við hann ráðið. Tókst Siemsen nú að rísa á fætur, en er Þorbjörn Ástvaldur sá það, þreif hann brúsa undan genever, sem mun hafa staðið þar á peningaskáp í skrifstofunni. Sló hann Siemsen með brúsanum í höfuðið. Það var mikið högg, því að brúsinn brotnaði við. Ekki sá Jón Helgi þetta, enda var hann að ljúka við að raða niður vindlingunum, en hann heyrði allmikinn hávaða og sá, að Siemsen hafði fallið í gólfið, og lagaði þá blóð úr höfði hans, en Jón Helgi hafði ekki veitt því athygli áður. Stóð Ragnar Jósef þá öðrum fæti á hálsi Siemens, er Jón Helgi fór úr búðinni. Sögðu ákærðu Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvaldur Siemsen þá, að ekki þýddi annað fyrir hann en að vera rólegur. Virtist Siemsen sefast nokkuð, eftir að hann fékk höggið. Ákærði Þorbjörn Ástvaldur mun nú hafa farið fram í búðina til þess að leita þar betur, ef hann fyndi þar peninga eða önnur verðmæti. Ákærði Ragnar Jósef segir, að síðan hafi ákærði Þorbjörn Ástvaldur komið aftur inn í skrifstofuna, staðið þar yfir Siemsen og spurt hann að því, hvar peningarnir væru, en Siemsen svarað því til, að hann hefði enga. Hafi Þorbjörn Ástvaldur þá sagt, að Siemsen yrði drepinn, ef hann segði ekki, hvar peningarnir væru. En Siemsen hafi svarað, að dagsanna væri, að hann hefði ekki peninga þar í búðinni, en er hann hafi verið að því spurður, hvar þeir væru, hafi hann svarað, að þeir væru heima. Ragnar Jósef sá þá lyklafesti úr vasa Siemens, sem hann sleit síðar frá honum og fékk meðákærða Þorbirni Ástvaldi lyklana. Leituðu þeir síðan bæði í peningaskáp og skjalaskáp, sem þeir höfðu opnað með lyklunum. Fundust í peningaskápnum nokkur veski, sem ekki mun hafa verið rannsakað nánar þá þegar, hvort hefðu peninga að geyma. Voru veskin lögð á skrifborðið á meðan. Ragnar Jósef leitaði síðan að fjárverðmætum á Siemsen sjálfum, tók af honum tvö hundruð krónur, er hann hafði lausar inni á sér, og gullarmbandsúr.

Er þeir fundu enga peninga í skrifstofunni, mun ákærði Þorbjörn Ástvaldur enn á ný hafa farið fram í búðina til þess að

leita þar frekar. Ákærði Ragnar Jósef var hins vegar um kyrrt í skrifstofunni og sýslaði þar. Skyndilega varð Ragnar Jósef var við, að Siemsen var enn risinn á fætur og hugðist fara fram úr skrifstofunni. Fékk Ragnar Jósef þá ekki haldið honum. Kallaði hann þá í meðákærða Þorbjörn Ástvald og bað hann koma sér til hjálpar. Kom hann þegar hlaupandi og hafði með sér kóka-kólaflösku, og kveðst ákærði Þorbjörn Ástvaldur hafa slegið Siemsen með flöskunni tvö högg í höfuðið, meðan meðákærði Ragnar Jósef hélt honum. Ragnar Jósef heldur því hins vegar fram, að högginn hafi verið miklu fleiri, sem Þorbjörn Ástvaldur þá sló Siemsen. Ekki féll Siemsen af barsmið þessari, en þeir komu honum þó sameiginlega á gólfið. Lá Siemsen síðan á bakinu í gólfinu. Stóð Ragnar Jósef þá á brjosti Siemsens og hálsi öðrum fæti til þess að halda honum niðri. Leið svo nokkur stund, en Siemsen fór þá enn að ókyrrast og náði á ný að standa á fætur. Ákærði Ragnar Jósef hafði þá tekið kóka-kólaflöskuna og vafið um stút hennar vasaklút sínum. Sló hann Siemsen síðan í höfuðið, en blóðstraumur lak þá niður úr höfði hans. Kveðst Ragnar Jósef þannig hafa slegið Siemsen þrjú högg með flöskunni. Meðákærði Þorbjörn, sem kveðst hafa haldið Siemsen, meðan Ragnar Jósef sló hann, segir, að högginn hafi verið miklu fleiri. Siemsen gizkar á, að hann hafi verið sleginn alls 10—15 högg með flöskunni. Ákærði Þorbjörn Ástvaldur staðhæfir enn fremur, að eftir að Siemsen hafi fallið í gólfið fyrir barsmið Ragnars Jósefs, hafi hann, þ. e. ákærði Ragnar Jósef, haldið áfram barsmiðinni á höfuð Siemsens, þar sem hann lá í blóði sínu, allt þar til Siemsen var orðinn með öllu meðvitundar- og hreyfingarlaus. Kveðst ákærði Þorbjörn Ástvaldur hafa beðið meðákærða um að hætta barsmiðinni, þar sem hann myndi ella gera út af við Siemsen, en ekkert gert þó til þess að hindra barsmið Ragnars Jósefs, sem þá sat klovvega á Siemsen, er hann greiddi honum síðustu högginn. Kraup ákærði Þorbjörn Ástvaldur við hlið Siemsens, meðan meðákærði lamdi hann, en blóð úr sárum á höfði Siemsens slettist á fót þeirra beggja. Siemsen virtist Ragnar Jósef slá sig fleiri högg með flöskunni, en telur meðákærða hafa eggjað hann til frekari meiðinga og jafnvel hvatt hann til þess að veita honum bana.

Eftir að Siemsen var orðinn meðvitundarlaus, ber ákærðu þó saman um, að ákærði Þorbjörn Ástvaldur hafi haft orð á því, að rétt væri að tilkynna lögreglunni, hvernig komið var. Síminn var þá óvirkur frá því í upphafi viðureignarinnar, en auk þess fannst þeim rétt að þreifa fyrst eftir hjartslætti hans til þess að vita, hvort hann væri enn lifandi, áður en þeir hefðust nokkuð

slíkt að. Gerðu þeir það síðan báðir og fundu hjartslátt hans. Þeir gerðu þá ekki frekari reka að því að tilkynna, hvernig komið var fyrir Siemsen.

Ákærði Ragnar Jósef tók nú tvo hringa af Siemsen, þar sem hann lá í blóði sínu, en skildi eftir giftingarhring hans.

Leituðu nú ákærðu peninga í búðinni. Fór Þorbjörn Ástvaldur og leitaði í peningakassa, en kveðst ekki hafa fundið þar nema 5 krónur, er hann tók. Ragnar Jósef fann hins vegar skjalamöppu með peningum í, kr. 1600.00 að eigin sögn, en Siemsen álitur, að fjárhæðin hafi verið nokkru hærri, án þess þó að geta sagt um það með nokkurri nákvæmni. Geymdi Ragnar Jósef fjárins. Auk þess fann hann skjalatösku úr leðri, sem hann afhenti Þorbirni Ástvaldi, en hann lét í hana veskin, sem þeir höfðu tekið úr skápnum í skrifstofunni, vindla, er hann tók í búðinni, nokkuð af vindlingum og tuggugúmmí. Einnig höfðu þeir á brott með sér lykla búðarinnar, hringana og úr Siemsens auk tasknanna.

Að þessu loknu héldu þeir ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Ragnar Jósef á brott úr búðinni.

Nú er það af ákærða Jóni Helga að segja, að er hann kom út úr búðinni, gekk hann yfir bifreiðastæðið, sem er andspænis búðinni, og hitti hann þar meðákærða Ingólf Kristófer, þar sem hann stóð á bifreiðastæðinu Hafnarstrætismegin. Hröðuðu þeir sér fyrst sem mest þeir máttu út í Austurstræti um Veltusund, en í Austurstræti sáu þeir tvo lögregluþjóna. Sneru þeir þá snarlega við og héldu niður að höfn. Tók ákærði Ingólfur Kristófer þá við töskunni af Jóni Helga og bar hana síðan heim til Jóns á Bragagötu 31. Tóku þeir þegar upp úr töskunni vindlingana og létu í aðra tösku, er ákærði Jón Helgi átti þar, þá tösku síðan í bakpoka og hann síðan með öllu innihaldinu inn í fataskáp þar í herberginu. Tösku þá, sem ákærði Jón Helgi hafði tekið ásamt vindlingunum, földu þeir síðan undir torfuskækli í moldarbarði í Hljómskálagarði austanverðum. Þar fannst hún síðan eftir tilvísan ákærða Jóns Helga. Héldu þeir síðan niður í bæ í leit félaga sinna. Ráfuðu þeir um allengi og tóku sér að lokum stöðu við verzlun Haralds Árnasonar. Var þá liðið að óttu.

Þeir ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Ragnar Jósef héldu úr búðinni heim til Þorbjörns Ástvalds á Hringbraut 39 með feng sinn. Var frakki sá, er Þorbjörn Ástvaldur var í yztum klæða, ataður blóði, en hálsbindi, jakki og buxur Ragnars Jósefs. Þeir voru báðir blóðugir um hendur. Frakki Þorbjörns Ástvalds var ljós. Hann hafði frakkaskipti þar heima. Ragnar Jósef tók af sér bindið, fór úr jakkanum og í mussu, sem ákærði Þorbjörn hafði

stolið nokkrum nóttum áður í Borgarþvottahúsinu. Skiptu þeir nú með sér peningum þeim, er þeir höfðu af Siemsen tekið og í verzlun hans, og staðhæfa, að 900 krónur hafi komið í hlut hvors þeirra um sig, þannig að það hafi einungis verið kr. 1800.00 alls, sem þeir tóku af peningum. Kom þeim þá saman um að halda peningatökunni leyndri fyrir þeim meðákærðu Jóni Helga og Ingólfi Kristófer og ætluðu ekki að láta þá fá hlut af fengnum. Ekki athuguðu þeir þá frekar feng sinn, en þógu hendur sínar og héldu af stað að leita félaga sinna. Tóku þeir sér leigubifreið og héldu fyrst á Bragagötu, þar sem ákærði Jón Helgi býr. Héldu síðan niður í bæ í bifreiðinni og fundu félaga sína á mótum Lækjargötu og Austurstrætis við verzlun Haralds Árnasonar.

Ákærðu héldu nú allir saman heim á Bragagötu til Jóns Helga. Höfðu þeir keypt sér áfengi af bifreiðarstjóra þeim, er þeim ók, en ekki segjast þeir þekkja hann. Settust þeir síðan að sumbli. Lýstu þeir þá aðförinni frekar Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvaldur. Sýnist helzt svo af framburðum hinna ákærðu, að þeir hafi eins vel búizt við því, að Siemsen myndi ekki lifa af eða væri þegar dáiinn eftir áverkana.

Ákærðu gerðust nú soltnir. Þeir bræður, ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Jón Helgi, héldu í kjötbúð Tómasar Jónssonar, Laugavegi 32. Komust þeir inn í geymslu í kjallara hússins með því að skrífa hespu frá hurð geymslunnar, sem læst var með hengilás. Tóku þeir þar síðan tvær malakoffpýlsur og nokkuð af reyktum bjúgum, sem þeir síðan fluttu heim til Jóns Helga á Bragagötu, þar sem félagar þeirra biðu. Hófu þeir síðan át bjúgnanna, en ekki munu þeir hafa neytt nema lítils eins af þeim, með því að þau voru að sögn þeirra farin að úldna, en malakoffpýlsurnar ósoðnar og því ekki hæfar til neyzlu. Þeir lögðust síðan til svefns og sváfu allir í herbergi Jóns Helga, það sem eftir lifði nætur.

Næsta dag sóttu þeir morgunblöðin, ef vera mætti, að þar væri að finna upplýsingar um afdrif Siemsens. Héldu annars kyrru fyrir til hádegis. Sögðu þeir Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvaldur nú félögum sínum frá töku peninganna. Vildu þeir þá fá sinn hluta fengsins. Féllst Ragnar Jósef á það og lét þá Jón Helga og Ingólf Kristófer fá hluta fjár þess, er í hans hlut hafði komið. Þorbjörn Ástvaldur vildi hins vegar ekki láta þá fá neitt. Um hádegis héldu þeir á matsölustað og borðuðu þar allir fyrir hluta af ránsfengnum. Ragnar Jósef fór heim til sín til þess að hafa buxnaskipti, þar sem blóð var á þeim buxum, er hann var í. Keyptu þeir síðan nokkurt áfengi fyrir hluta af peningunum, gosdrykki til blöndunar og héldu síðan heim til ákærða Þorbjörns

Ástvalds. Settust þeir þegar að drykkju, en tóku jafnframt að rannsaka ránsfenginn. Var það nokkuð af vindlingum, sennilega um 5 lengjur, allmikið af vindlum, a. m. k. 10 pakkar af Danítas smávindlum, tuggugúm, sennilega um 50 pakkar, græn mappa úr plasti, skjalataska, 3 veski, 1 vasabók og 1 budda með kr. 3.20 í peningum, lyklakippa og festi, 2 hringar, annar með steini, hinn signetshringur með fangamarki Siemens, svo og gullarmbandsúr hans. Auk þess sem þarna var hjá Þorbirni Ástvaldi voru vindlingar þeir, sem geymdir voru hjá Jóni Helga, a. m. k. 18 lengjur upphaflega.

Ekki kom til skipta á ránsfengnum að sinni. Hins vegar neyttu þeir tóbaksins og tuggugúmsins að þörfum. Sátu ákærðu nú að sumbli fram eftir degi.

Síðar um daginn fóru þeir Þorbjörn Ástvaldur og Ingólfur Kristófer í bæinn til þess að ná í dagblaðið Vísi, svo að þeir gætu fregnað um afdrif Siemens, sem þeir álitu að eins gæti verið að hefði látizt. Í leiðinni keypti Þorbjörn Ástvaldur skot í haglabyssu, sem hann hafði í herbergi sínu, auk áfengis, hvort tveggja fyrir peninga þá, er hann hafði fengið í sinn hlut af fengnum. Eftir það héldu þeir heim aftur á Hringbraut. Sátu þeir enn um hríð að sumbli. Ákærði Þorbjörn Ástvaldur hótaði þá, að hann mundi drepa hvern þeirra félaga, sem segði frá broti þeirra. Viðurkennir ákærði Þorbjörn Ástvaldur að hafa haft það á orði. Ákærði Ragnar Jósef kveðst í fyrstu hafa talið, að alvara lægi að baki hótuninni, og kveðst þá jafnframt hafa álitid, að Þorbjörn Ástvaldur myndi láta verða að hótun sinni síðar, ef hann gæti ekki komið henni fram, strax og efni stæðu til. Þorbjörn Ástvaldur heldur því fram, að hann hafi slegið þessu fram í gríni, hafi engin alvara legið að baki orðum sínum, sem hafi verið sögð án nokkurs tilefnis. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um það, við hvaða aðstæður eða af hvaða tilefni hann hefur látið orð falla í framangreinda átt.

Ákærði Ingólfur Kristófer staðhæfir, að eftir að þeir Þorbjörn Ástvaldur komu heim með skotfærin og áfengið, hafi ákærði Þorbjörn Ástvaldur tekið fram haglabyssu tvíhlaupa, hlaðið hana tveimur skotunum, miðað síðan á sig byssunni og hótað sér bana, ef hann segði frá broti þeirra. Kveðst ákærði Ingólfur Kristófer hafa talið, að þeir félagar myndu standa við hótun Þorbjörns Ástvalds, ef hann fylgdi þeim ekki í einu og öllu, og virtist honum ákærði Þorbjörn vantroysta sér einna mest þeirra félaga, en í því sambandi má geta þess, að ákærði Ragnar Jósef hafði orð á því um nóttina eftir aðförina að Siemens, þegar þeir voru komn-

ir heim úr innbrotinu bræðurnir Þorbjörn og Jón Helgi, við ákærða Þorbjörn, að „ekki væri hægt að treysta Ingólfi“. Kveðst ákærði Ingólfur Kristófer hafa tekið hótun Þorbjörns alvarlega, sérstaklega eftir að „þeir voru búnir að sýna það með aðförinni að Siemsen, að þeir svifust einskis“.

Ákærði Þorbjörn Ástvaldur hefur viðurkennt, að það sé rétt, að eftir að þeir keyptu skotin, hafi hann þar heima í herberginu á Hringbraut miðað haglabyssunni að ákærða Ingólfi Kristófer og haft þá á orði, að hann myndi drepa Ingólf, ef hann ljóstaði upp um þá, eða eitthvað í þá átt, en hann staðhæfir, að byssan hafi þá verið óhlaðin, en engin alvara legið að baki orða sinna.

Ekki muna ákærðu, af hvaða tilefni ákærði Þorbjörn Ástvaldur kom þannig fram við Ingólf Kristófer.

Byssuna tók ákærði Þorbjörn Ástvaldur í sundur, en læsti skotin niður í kassa einn þar í herberginu.

Nokkru síðar var Ingólfur Kristófer sendur til þess að kaupa þeim félögum mat, sem þeir snæddu þar í herbergi Þorbjörns Ástvalds. Að því loknu fór Þorbjörn Ástvaldur að sækja tvær unglingsstúlkur, sem hann og Ragnar ætluðu að færa í kvikmyndahús. Jón Helgi og Ingólfur Kristófer fóru á veitingakrár og knattborðsstofu, en Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvaldur með stúlkurnar í kvikmyndahús og á veitingakrá og síðan heim aftur í herbergi Þorbjörns Ástvalds. Skömmu síðar komu þeir Jón Helgi og Ingólfur Kristófer einnig þangað.

Rétt eftir að ákærðu voru allir komnir aftur í herbergið á Hringbraut 39 og stúlkurnar voru þar enn, komu menn frá rannsóknarlögreglunni og handtóku ákærða Þorbjörn Ástvald og höfðu á brott með sér. Þegar þeir voru farnir með Þorbjörn Ástvald, tók ákærði Ingólfur Kristófer frakka Þorbjörns, þann er hann hafði verið í við aðförina að Siemsen, og varpaði honum um glugga á þak út. Gengu stúlkurnar þá á ákærðu með, hvað þeir hefðu gert af sér, og sögðu þeir þeim þá, að þeir hefðu kvöldinu áður gert aðförina að Siemsen. Meðan þau voru enn í herbergi Þorbjörns Ástvalds, tók ákærði Ingólfur Kristófer fram áður-nefnda haglabyssu, en þeir Ragnar Jósef brutu upp skotfærakassann, og lét Ragnar Jósef Ingólf Kristófer fá tvö skot, sem hann síðan lét í byssuna. Handlék Ingólfur Kristófer nú byssuna, eftir að hún var hlaðin. Hljóp allt í einu skot úr henni í dyrastaf herbergisins. Sagði Ingólfur Kristófer, að það hefði verið fyrir slysni, en Ragnar Jósef hélt því fram, að Ingólfur kynni það vel með byssur að fara, að ekki gæti hafa verið um slysni að ræða.

Nokkru síðar komu rannsóknarlögreglumenn aftur með Þor-

björn Ástvald, og fóru þá hinir ákærðu úr herberginu og stúlurnar með þeim. Ragnar Jósef tók með sér, um leið og hann fór úr herberginu, jakka þann, sem hann hafði orðið að fara úr eftir aðförina að Siemsen og skilið þar eftir. Tóku þau nú leigubifreið og héldu öll heim á Bragagötu til Jóns Helga. Vindlingataskan var nú tekin upp úr bakpokanum í fataskápnum, en Ingólfi Kristófer falið að koma töskunni með innihaldi og jakka Ragnars Jósefs fyrir, svo að eigi yrði fundið. Fékk hann nokkra peninga hjá Ragnari og Jóni fyrir leigubifreið. Voru þau eftir 4 saman í herberginu, er Ingólfur var í leiðangrinum. Munu þeir Ragnar og Jón þá hafa komið sér saman um að játa aldrei brot sitt, þótt þeir yrðu teknir, og munu jafnframt hafa komið sér saman um sögu, er þeir ætluðu að segja lögreglunni, sem sanna ætti fjarvist þeirra frá brotastað.

Það er af Ingólfi að segja, að hann hélt þegar af stað með töskuna og jakkann. Kveðst hann hafa tekið sér leigubifreið við bifreiðaafgreiðslu á Skólavörðuholti, ekið með henni heim til móður sinnar, sem býr hér austur við Holtaveg, afhent henni töskuna, sem var lokuð, og beðið hana að geyma hennar vel, þar sem hún sæist ekki, en sagði henni ekki af innihaldi hennar né heldur því, á hvern hátt hann var að töskunni kominn. Áður kveðst hann þó hafa tekið tvær lengjur, aðra af Raleigh, hina af Chesterfieldvindlingum, úr töskunni. Hafi hann selt bifreiðarstjóranum vindlingana, sem verðlagðir hafi verið á kr. 50.00 hvor lengja, en fengið hjá honum 2 hálfflöskur af áfengi, verðlagt kr. 140.00, aksturinn hafi kostað kr. 35.00, og hafi hann því orðið að greiða kr. 75.00 fyrir aksturinn og mismun á verði áfengisins og vindlinganna. (Hefur málshöfðun verið fyrirskipuð sérstaklega á hendur bifreiðarstjóra þeim, sem ákærði hefur bent á sem þann, er hann átti umrædd skipti við). Jakka Ragnars Jósefs kastaði Ingólfur í grennd við heimili móður sinnar. Skýrði Ingólfur félögum sínum frá því, að hann hefði komið vindlingunum fyrir hjá móður sinni, en þar sem hann vildi ekki láta þá vita, hve gálauslega hann fór með vindlingana, kveðst hann hafa sagt þeim, að hann hefði fengið áfengið lánað hjá bifreiðarstjóra, sem hann þekkti.

Við húsleit rannsóknarlögreglumanna í herbergi Þorbjörns eftir handtöku hans fundu þeir m. a. eftirtalda muni: Brúna leður-tösku. Í henni brúnt leðurveski, merkt: Theodór Siemsen, svart rússkinnsveski, svart plastveski með mörgum nafnspjöldum Theodórs Siemsens, lyklahring með 13 lyklum, slitur af úrarmbandi, auglýsingaspjöld frá Theodór Siemsen, leðurbuddu, 10 pakka af vindlum, 44 pakka af tuggugúmmíi, miða, sem á var skrifað

„Ragnar 1 cart. cigarett 110/—“, skjöl tilheyrandi verzlun Th. Siemsens, pakka af Chesterfieldvindlingum, 2 lengjur af sama, sem fundust í skáp í herberginu. Þá fannst þar og plastmappa græn, sem í var úr, armbandslaust, steinhringur og signetshringur, merktur „TS“, blóðugur. Þorbjörn Ástvaldur hafði á sér kr. 200.00 í reiðufé, sem hann lýsti yfir, að væri afgangur þess, er hann hafði fengið í sinn hlut af peningum þeim, er af Siensen og í verzlun hans voru teknir. Var það fé afhent Siensen.

Leit lögreglumannanna hjá ákærða Þorbirni leiddi til handtöku hinna ákærðu í málinu. Ákærði Þorbjörn var fyrst handtekinn þá þegar um nóttina. Hann viðurkenndi þá þegar, að hann hefði framið ránið í verzlun Siemsens, en hélt því í fyrstu fram, að hann hefði verið einn um það. Grunur féll þó fljótlega á meðákærðu, og voru þeir handteknir 15. október. Játuðu þeir síðan 15. og 16. október brot sín tiltölulega vafningalítið. Sat ákærði Jón Helgi í gæzluvarðhaldi í 30 daga, en hinir hafa allir setið í gæzluvarðhaldi frá handtöku þeirra.

Um Theodór Siensen er það að segja, að hann mun, eins og þegar er komið fram, hafa misst meðvitund við barsmíðar ákærðu Ragnars Jósefs og Þorbjörns Ástvalds. Hefur hann sennilega legið einhverja stund í blóði sínu í skrifstofunni, eftir að ákærðu fóru á brott. Nokkru síðar tókst honum að komast á fætur og gat þá af eigin rammleik komizt á lögreglustöðina klukkan 00.55 um nóttina. Var hann þá alblóðugur um höfuð og herðar, með stórt gapandi sár aftan í hvirflinum. Segir Halldór Jóhann Einarsson lögreglumaður svo um útlit Siemsens, að það hafi verið „eitt það ljótasta, sem ég hefi séð“.

Siensen var nú fluttur í slysavarðstofuna til aðgerðar, og segir Gísli læknir Ólafsson frá áverkum hans og aðgerðum í vottorði sínu, svohlj.:

„Lögreglan kom með manninn á slysavarðstofuna. Var hann blóðugur um höfuð og andlit. Kvaðst hann hafa orðið fyrir líkamsárás. Við skoðun kom í ljós stórt svöðusár v. megin á hnakka. Auk þess margir stærri og smærri skurðir á höfði. Var þetta saumað saman með mörgum saumum, eftir að hárið hafði verið rakað eftir þörfum. Enga vínlykt var að finna af sjúkl., og virtist hann vera sæmlega „orienteraður“.

Einnig var hann talsv. bólginnt í andliti og mikil bólga í kringum bæði augu. Kvartaði sjúkl. einnig um verki í hálsi og undir v. brjósti.

Sjúkl. fluttur í Landakot að morgni, eftir að hafa verið undir athugun alla nóttina“.

Í Landakotsspítala var Siemsen síðan frá því að morgni 13. október allt til 22. desember s.l. Um líðan hans þann tíma hefur dr. med. Halldór Hansen gefið vottorð, svohljóðandi:

„Theodór Siemsen, f. 7/11 1893, var lagður hér í spítalann þ. 13/10 1955. Sjúkl. hafði hlotið mikla áverka á höfuðið, og var fyrsta hjálp veitt í slysavarðstofu bæjarins (sbr. vottorð þaðan). Sjúkl. hefur legið hér síðan og er hér enn. Hann var mjög þungt haldinn allt til loka nóvembermánaðar. Drep kom í stærsta sárið á hvirflinum, sjúkl. var þjáður af höfuðverk og svima og hafði óreglulegan og þrálátan hita allt til loka nóvembermánaðar. Viku af nóvember fór að bera á því, að sjúkl. var miður sín andlega og oft alveg ruglaður.

Augnbotnsskoðun (Bergsveinn Ólafsson) benti þó ekki á aukinn heilaprýsting, og rannsókn taugasérfræðings (Kjartan R. Guðmundsson) leiddi ekki í ljós heilablæðingu, heila-abscess eða aðra lokaliseraða skemmd í heila. Rannsókn á mænuvökva reyndist eðlileg að kalla. Líklegast þótti, að um sinus thrombosis væri að ræða.

Það, sem af er desembermánaðar, hefur sjúkl. batnað mikið, einkum andlega ástandið og hitinn, og hann hefur getað haft nokkra fótavist. Hann er einnig gróinn sára sinna, en hefur þráláta infection í húð(furunculosis). Hann þjáist þó enn af þrálátum höfuðverk, svefnleysi og slappleika.

Um allar afleiðingar þessa áverka verður þó að svo stöddu ekki dæmt“.

Vegna geðtruflunar þeirrar, er að framan getur, hefur Kjartan R. Guðmundsson hinn 13. janúar s.l. gefið svofellt vottorð og álitserð:

„Ég undirritaður skoðaði Theodór Siemsen, meðan hann lá á Landakotsspítala vegna gruns um heilasjúkdóm. Niðurstaða mín var, að sennilega væri um sinus thrombosis að ræða (blóðstorknun í heilæðum).

Um það leyti varð hann ruglaður á geðsmunum, og var það álit mitt, að það væri afleiðing æðastíflunar eða ef til vill eitrun frá hinum miklu ígerðum, sem hann hafði á höfði.

Í dag segir viðkomandi, að sér hafi farið dagbatnandi s.l. 4 vikur og sé hann nú orðinn fullkomlega eðlilegur til sálar og líkama. Stundum segist hann þó fá þreytu í höfuð, ef hann reynir mikið á sig, og nokkuð erfitt með að festa svefn.

Eiginkona hans segir, að hann sé nú að sínum dómi fullkomlega heilbrigður á geðsmunum.

Obj. psykiskt eðlilegur.

Neurologískt ekkert abnormt.

Álit: Mér finnst ólíklegt, að áverkinn muni valda tauga- eða geðsjúkdómum í framtíðinni“.

2. Með áfengisneyzlu sinni á veitingastöðum þeim, er að framan greinir, VI, 1, hafa allir hinir ákærðu gerzt brotlegir við 1. mgr. 20. gr. sbr. 43. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Með því að ráðast með líkamlegu ofbeldi að Theodór Siemsen kaupmanni í verzlun hans um miðnætti milli 12. og 13. október og hafa þannig af honum fjárverðmæti, sem þeir köstuðu eign sinni á, hafa ákærðu Þorbjörn Ástvaldur, Ragnar Jósef og Jón Helgi allir brotið ákvæði 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

Telja verður sannað, að ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Ragnar Jósef hafi auk þess með því hvor um sig og báðir sameiginlega að hjálpast að því að berja Siemsen með höndum, Þorbjörn Ástvaldur með heyrnartóli af síma og leirbrúsa, en báðir með gosdrykkjarflösku, og misþyrma honum á annan hátt, unz hann var fallinn meðvitundarlaus á gólfið, veitt honum mjög mikla áverka á höfuð og andlit, sem síðar höfðu þær afleiðingar, að Siemsen bilaðist á geðsmunum um tíma. Þykja þeir einnig með þeirri háttsemi sinni hafa gerzt brotlegir við 218. gr. hegningarlaga.

Hins vegar þykir ósannað, að ákærði Jón Helgi hafi veitt Siemsen nokkra áverka með ofbeldi sínu við hann eða þvingun, og ber því að sýkna hann af ákæru um brot á 218. gr. hegningarlaga.

Telja verður sannað, að sá hafi verið tilgangur þeirra félaga, eftir að þeir urðu varir við Siemsen í Austurstræti, að hafa út úr honum fé, að vísu með góðu í upphafi. Þegar sýnt var, að Ragnari Jósef hafði ekki orðið ágengt í því efni, verður ekki annað af gerðum ákærða Þorbjörns Ástvalds og síðar Jóns Helga ráðið en að þeir hafi ruðzt inn í búð hans með þeim ásetningi að hafa féð þá af honum með illu, úr því að það fékkst ekki með góðu. Verður því að telja, að þeir hafi tekið ákvörðun um ránið, áður en þeir höfðu ruðzt í búðina. Var það því, eins og á stöð, óhjákvæmilegur þáttur í ráninu að ryðjast í búðina, en verður ekki talið sem sjálfstæður undanfari ránsins, þó að það á hinn bóginn auki saknæmi verknaðarins. Verður þessi liður ákærunnar því ekki til greina tekinn, en ákærðu Jón Helgi og Þorbjörn Ástvaldur sýknaðir af ákæru um brot á 231. gr. hegningarlaga.

Með því að taka þátt í ávinningi af ránsfeng meðákærðu, mót-

töku tóbaks og tuggugúms til neyzlu, en peninga til eyðslu í eigin og sameiginlegar þarfir, áfengis, matar og skemmtana og annars, sem greitt var með hluta ránsfengsins, svo og með því að hjálpa meðákærðu við að koma undan ránsfengnum og munum, sem leitt gátu til handtöku og síðar orðið til sönnunar um sekt þeirra, hefur ákærði Ingólfur Kristófer gerzt brotlegur við ákvæði 1. mgr. 254. gr. hegningarlaganna.

Ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Jón Helgi hafa með því að brjótast inn í geymslu kjötverzlunar Tómasar Jónssonar og taka þaðan pylsur, sem þeir höfðu með sér heim til Jóns Helga og hófu þar að neyta, brotið 244. gr. hegningarlaganna.

Telja verður, að ákærðu Ragnar Jósef og Ingólfur Kristófer hafi hlotið að vita, að pylsur þær, sem þeir bræður Þorbjörn Ástvaldur og Jón Helgi komu með og þeir hófu að neyta, hafi verið teknar í heimildarleysi, eftir öllum aðstæðum.

Með því að hefja neyzlu bjúgnanna hafa því nefndir ákærðu gerzt brotlegir við 1. mgr. 254. gr. hegningarlaganna.

Enda þótt ekki verði talið sannað, að ákærði Þorbjörn Ástvaldur hafi haft haglabyssuna hlaðna, þegar hann hafði frammi við Ingólf Kristófer hótun um að drepa hann, ef hann segði frá broti þeirra, og miðaði á hann byssunni, þykir hótunin hafa verið þannig fram borin, að hún hafi orðið til þess að vekja ótta Ingólfs Kristófers, sem áleit byssuna hlaðna. Hefur ákærði Þorbjörn Ástvaldur með því brotið 233. gr. hegningarlaganna. Hins vegar er óupp lýst, með hverjum hætti ákærði Þorbjörn Ástvaldur hafði á orði við Ragnar Jósef og þá féлага, að hann myndi drepa hvern þeirra, er ljóstaði upp um brot þeirra. Ekki liggur heldur neitt fyrir um tilefni þessara orða, né heldur að þau hafi verið til þess fallin að vekja ótta þeirra, enda þótt Ragnari Jósef hafi í fyrstu fundizt, að alvara lægi að baki hótuninni, en hann segist síðar hafa sannfærzt um, að henni fylgdi engin alvara. Verður Þorbjörn Ástvaldur ekki sakfelldur fyrir það.

Ákærði Þorbjörn Ástvaldur hefur með því að hafa skotvopn og skotfæri í vörzlum sínum án þess að hafa til þess löglega heimild brotið 1. mgr. 3. gr. sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936 um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum og alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau, sbr. 3. gr. laga nr. 69/1936 um sama efni.

3) Theodór Siemsen kaupmaður hefur gert bótakröfu á hendur þeim ákærðu, sem ránið frömdu. Er bótakrafa hans sundurliðuð þannig:

Kaup eins starfsmanns, sem ráða varð vegna veik-	
inda minna í 2 mánuði, 3500/—	kr. 7.000.00
5 smekklásar, sem varð að skipta vegna lykla-	
missis, 65/—	— 325.00
1 keðja á armbandsúr, gyllt	— 250.00
1 lyklakeðja, sem var slitin	— 215.00
Hreinsun á fötum, frakka og hatti	— 85.00
Peningar úr veski	— 3.600.00
22 cart. cigarettur 110/—	— 2.420.00
Reikningur Landakotsspítala, næturvaka	— 1.405.00
Sjúkrabíll	— 35.00
Kjartan R. Guðmundsson læknir, sjúkravitjun 5	
sinum	— 250.00
Vinnutjón í 3 mánuði, kr. 5000.00 á mánuði	— 15.000.00
Bætur fyrir þjáningar	— 50.000.00
Alls kr. 80.585.00	

Eftir þingfestingu málsins hefur Siemens þó tekið aftur 1. lið kröfunnar, að fjárhæð kr. 7000.00, enda hafði honum verið mótmælt. Hins vegar hefur hann gert auk framanskraðs kröfu um bætur fyrir 10 pakka af Danitasvindlum, sem voru ónýtir, þegar þeir voru teknir af ákærðu. Nemur sá liður kr. 200.00. 6. og 7. lið kröfunnar, peningar, kr. 3600.00, og cigarettur, kr. 2420.00, hefur verið mótmælt sem of háum og órökstuddum. Auk þess hefur liðnum, bætur fyrir þjáningar, kr. 50.000.00, verið mótmælt sem of háum. Aðrir liðir kröfunnar eru af ákærðu og fjárráðamönnum þeirra fyrir þeirra hönd samþykktir.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir ósannað, að vindlingar þeir, sem ákærðu köstuðu eign sinni á í verzlun Siemens, hafi verið meira en 23 lengjur, en sennilegast, að það hafi einmitt verið það magn. Verður sú tala lögð til grundvallar. Þar af hefur aftur verið skilað til verzlunarinnar 17 lengjum og 7 pökkum. Vantar samkvæmt því 5 lengjur og 3 pakka eða samtals 53 pakka af vindlingum. Vindlingarnir voru eingöngu af tegundunum Raleigh, Chesterfield og Camel, en verð þeirra er kr. 11/— á pakka, þ. e. söluverð kaupmanna. Þessi liður þykir því samkvæmt þessu hæfilega ákveðinn kr. 583.00.

Ekki þykir sannað, að peningar þeir, sem ákærðu Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvaldur tóku í umrætt sinn, hafi verið meiri en 1800 krónur. Þar af hefur Siemens tekið á móti kr.200.00 aftur. Þykir þessi liður kröfunnar rétt ákveðinn kr. 1600.00.

Þjáningabætur, kr. 50.000.00. Með tilliti til áverka þeirra, er Siemsen hlaut af barsmíð þeirra ákærðu Ragnars Jósefs og Þorbjörns Ástvalds, og þeirra afleiðinga, sem þegar hafa komið í ljós, þykir þessi liður kröfunnar ekki of hár. Ber að taka hann til greina að öllu leyti.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, verður ekki talið sannað, að Siemsen hafi hlotið nokkra líkamsáverka af völdum Jóns Helga. Verður hann því eigi gerður ábyrgur fyrir því fjártjóni og öðru tjóni, sem beint má rekja til áverka þeirra, er hann varð fyrir í umrætt sinn. Í samræmi við það ber að dæma ákærðu Jón Helga, Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvald til þess að greiða in solidum Theodór Siemsen kr. 3258.00, en Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvald til að greiða honum in solidum kr. 66.690.00.

Eftir handtöku ákærða Þorbjörns Ástvalds afhenti bifreiðarstjóri nokkur lögreglunni skammybyssu eina, sem hann hafði fengið að tryggingu fyrir greiðslu ökugjalds, er ákærði Þorbjörn skuldaði honum. Byssa þessi var tekin í vörzlu dómsins. Ákærði Þorbjörn Ástvaldur viðurkenndi rétt vera, að hann væri eigandi byssunnar, svo og að hann hefði látið hana af hendi sem tryggingu ökugjaldsgreiðslu. Byssuna kvaðst hann í fyrravetur hafa keypt af manni einum, sem hann þekkti ekki, suður í Hafnarfirði. Svo sem að framan er getið, hefur ákærði Þorbjörn ekki heimild til þess að fara með skotvopn. Hefur hann því brotið 1. mgr. 3. gr. sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 69/1936.

VIII.

Refsing ákærða Ingólfs Kristófers samkvæmt framansögðu þykir eftir atvikum og í samræmi við 1. mgr. 77. gr. hegningarlaganna nr. 19/ 1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár, en samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna skal gæzluvarðhald hans frá 23. nóvember 1952 til 11. desember 1952 og frá 16. október 1955 til dagsins í dag koma til frádráttar refsingu með fullri dagatölu.

Refsing ákærða Þorbjörns Ástvalds fyrir brot þau, er að fram-
an hafa verið rakin, þykir eftir atvikum og með hliðsjón af 1. mgr. 77. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár, en samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna skal gæzluvarðhald hans frá 14. október 1955 til dagsins í dag koma til frádráttar refsingu með fullri dagatölu.

Ákærði Ragnar Jósef var hinn 14. apríl 1955 dæmdur skilorðsbundið í 5 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegn-

ingarlaga, 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga 23/1941, 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga 24/1941 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga 58/1954. Með brotum þeim, sem hér að framan hafa verið rakin, hefur ákærði rofið skilorð dómsins. Samkvæmt 60. gr. hegningarlaganna, sbr. 7. gr. laga nr. 22 frá 3. maí 1955, ber að dæma um refsingu vegna beggja málanna í þessu máli, og þykir refsingin með hliðsjón af 1. mgr. 77. gr. laganna hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár, en samkvæmt 76. gr. þeirra skal gæzluvarðhaldsvist hans frá 28. ágúst 1954 til 8. september 1954 og frá 16. október 1955 til dagsins í dag koma til frádráttar með fullri dagatölu.

Refsing ákærða Jóns Helga þykir með hliðsjón af 1. mgr. 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans frá 16. október til 15. nóvember 1955 kemur samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna til frádráttar með fullri dagatölu.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að svipta alla hina ákærðu í máli þessu kosningarrétti og kjörngengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Eins og að framan greinir, ber að dæma ákærða Ingólf Kristófer til þess að greiða konunni X kr. 7500.00 og Leifi Ingólfssyni kr. 5000.00 í skaðabætur.

Þá ber og að dæma ákærðu Jón Helga, Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvald til þess in solidum að greiða Theodór Siemsen kaupmanni kr. 3258.00.

Ákærðu Ragnar Jósef og Þorbjörn Ástvald ber að lokum að dæma til þess að greiða in solidum Theodór Siemsen kr. 66.690.00.

Samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 69/1936, ber að gera upptæk til handa ríkissjóði skammbyssu og haglabyssuskot, sem ákærði Þorbjörn Ástvaldur átti og hafði ólöglega í sinni vörzlu.

Ákærða Ingólf Kristófer ber að dæma til þess að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Steinasonar hdl., kr. 2000.00, ákærða Ragnar Jósef málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 2000.00, og ákærða Þorbjörn Ástvald og Jón Helga málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Þorsteinssonar hdl., kr. 2500.00, en alla hina ákærðu til þess in solidum að greiða annan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins, Einars Ásmundssonar hrl., kr. 4000.00.

Dómsrannsókn vegna brots ákærða Ingólfs Kristófers, sem fjallað er um undir I hér að framan, var send Dómsmálaráðuneytinu 18. desember 1952, en þess, er fjallað er um undir lið II hér

að framan, hinn 11. júlí 1955, en fyrirmæli ráðuneytisins vegna rannsóknanna bárust ekki fyrr en með ákæruskjali, dags. 5. janúar s.l.

Dómsorð:

Ákærðu Ragnar Jósef Jónsson og Þorbjörn Ástvaldur Jónsson sæti hvor um sig fangelsi í 5 ár, ákærði Ingólfur Kristófer Sigurgeirsson sæti fangelsi í 2 ár og ákærði Jón Helgi Jónsson sæti fangelsi í 18 mánuði.

Gæzluvarðhald ákærðu, Ingólfs Kristófers í 140 daga, Ragnars Jósefs í 133 daga, Þorbjörns Ástvalds í 124 daga og Jóns Helga í 30 daga, komi til frádráttar refsingum þeirra með fullri dagatölu.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Skammbýssa og haglabyssuskot úr vörzlu ákærða Þorbjörns Ástvalds eru upptæk gerð til ríkissjóðs.

Ákærði Ingólfur Kristófer greiði konunni X kr. 7500.00 og Leifi Ingólfssyni kr. 5000.00.

Ákærði Ragnar Jósef, Jón Helgi og Þorbjörn Ástvaldur greiði in solidum Theodór Siemsen kr. 3258.00.

Ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Ragnar Jósef greiði in solidum Theodór Siemsen kr. 66.690.00.

Ákærði Ingólfur Kristófer greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Steinasonar hdl., kr. 2000.00. Ákærði Ragnar Jósef greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 2000.00. Ákærðu Þorbjörn Ástvaldur og Jón Helgi greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Jóns Þorsteinssonar hdl., kr. 2500.00. Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda málsins, Einars Ásmundssonar hrl., kr. 4000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.